

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Jörundur Jónsson, á að vera sýkn af ákærum sóknarans í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða svaramanns hins ákærða í hjerði, Eggerts Laxdals, og til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsted's, 8 krónur til hins fyrst nefnda og 10 krónur til hvors hinna síðar nefndu, greiðist úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 24. septbrmán.

Nr. 28/1883.

Hið opinberá

gegn

Guðmundi Sveinssyni og

13 öðrum formönnum í

Hnífsdal í Ísafjarðarsýslu.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir lögreglu-rjetti Ísafjarðarsýslu 20. nóvembermán. f. á., voru hinir kærðu 1) Guðmundur Sveinsson, 2) Hannes Jónsson, 3) Vilhjálmur Pálsson, 5) Sigurður Sveinsson, 5) Sigurður Þorvarðsson, 6) Jóhann Jónsson, 7) Magnús Þorkellsson, 7) Jóhann Guðmundsson, 9) Víglundur Ásbjörnsson, 10) Pjetur Oddsson, 11) Ólafur Þórðarson, 12) Finnur Nielsson, 13) Jóhannes Pálsson og 14) Kristján Gabrielsson, dæmdir fyrir brot á fiskiveiðasamþykkt fyrir Ísafjarðarsýslu, Nr.

1, 5, 7 og 11 í 40 kr. sekt hver, en hinir aðrir í 30 króna sekt hver þeirra. Svo eru þeir og dæmdir til allir fyrir einn og einn fyrir alla að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Dómi þessum er að beiðni hinna kærðu og af hendi hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hinna kærðu og öðrum skýrteinum löglega sannað, að þeir hafa margsinnis látið lóðir liggja í sjó næturlangt eptir veturnætur 1882; hafa þeir þannig brotið gegn 1. grein fiskiveiðasamþykktar fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðar kaupstað, dags. 16. ágúst 1879, og ber þeim því að greiða sektir samkvæmt samþ. 4. gr. b, og virðast þær hæfilega metnar, að því snertir hina kærðu Guðmund Sveinsson, Sigurð Þorvarðsson, Magnús Þorkellsson og Ólaf Þórðarson, sem áður hafa verið sektaðir fyrir samskonar brot, 25 krónur fyrir hvern þeirra, og að því snertir hina aðra ákærðu 10 krónur fyrir hvern þeirra. Með þessum breytingum ber því að staðfesta hinn áfrýjanda lögreglurjettardóm, einnig að því málskostnað snertir. Sektirnar renni eptir lögum 14. desbr. 1877 í hlutaðeigandi fátækra sjóð, með því sá eini maður, sem í gæzlunefndinni var, hefur afsalað sjer sínum rjetti. Svo ber hinum kærðu og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á óraskaður að standa, þó þannig, að hinir kærðu greiði í sekt til hlutaðeigandi fátækra sjóðs, Guðmundur Sveinsson, Sigurður Þorvarðsson, Magnús Þorkellsson og Ólafur Þórðarson 25 kr. hver, en Hannes Jónsson, Vilhjálmur Pálsson, Sigurður Sveinsson, Jóhann Jónsson, Jóhann Guðmundsson, Víglundur Ásbjörnsson, Pjetur Oddsson, Finnur Nielsson, Jóhannes Pálsson og Kristján Gabríelsson 10 krónur hver. Svo greiði þeir og allir sem einn og einn sem allir allar af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. októbermán.

Nr. 11/1883.

Bjarni Þórðarson

gegn

Páli Ingimundarsyni

og Jóni Pálssyni.

Dómur:

Með því áritun sáttanefndarinnar á sáttakæruna í máli því, sem hjer er áfrýjað, ekki ber með sjer,